

Sálarpopp eða sálarrokk?

Sálin hans Jóns míns, sem kallast einfaldlega Sálin í daglegu tali, hefur tekið miklum stakka-skiptum frá því sveitin var sett á stofn á sínum tíma sem skemmtisveit sem léki erlend soul- og rokk-lög. Í þeim anda var platan Syngjandi sveittir sem kom út síðasta sumar. Um haustið breyttist sveitin svo í hljómsveit Stefáns Hilmarssonar og Guðmundar Jónssonar.

Um þessar mundir er Sálin í hljóðveri að leggja síðustu hönd á LP-plötu, sem verður fyrsta LP-plata sveitarinnar með frumsömdu efni eingöngu. Rokksíðan hittir þá Stefán og Guðmund að máli.

Þetta er fyrsta „alvöru“ plata sveitarinnar er það ekki?

Það má kannski segja það. Það hafa verið svo miklar mannbreytingar að þetta er nánast önnur hljómsveit og allt önnur sjónarmið. Sálin var þriggja mánaða sumar-sveit til að byrja með, en við erum núna búnir að vera saman fjórir síðan í febrúar, Guðmundur, Stefán, Magnús og Fritz.

Ef marka má það sem ég hef heyrt af væntanlegri plötu eru lögin all ólík, verður þetta sundur-laus plata?

Hún verður ekki sundurlaus, en það má skipta henni nánast í tvennt ann-



Ljósmynd/BS

asvegjar rokk og ról sem er u.þ.b. helmingur af lög-unum og svo lög með popplæ.

Hvort er meira gaman að spila poppið eða rokkið?

Rokkið. Það tekur alltaf sveit nokkurn tíma að vita hvað það vill spila og þar sem við höfum verið í því að æfa menn allan þennan tíma, var það ekki fyrr en í vor að þetta varð að alvöru hljómsveit.

Hver sér um lagasmíðar?

Guðmundur sér alfarið

um þau en Stefán meira um textana.

Eru „fiðurmjúkir“ arm- ar í textunum?

Guðmundur: Nei en samt ýmislegt kyndugt.

Stefán: Ég hef legið undir feld við textagerð á þessa plötu og reynt að gæta þess að vera smekkvís.

ARNI MATTHÍASSON
ROKK
SÍÐAN